

Vendikennsla í upplýsingatækni

Lokaskýrsla til Próunarsjóðs grunnskóla Garðabæjar

Heiti verkefnis: Vendikennsla í upplýsingatækni

Styrkþegi: Hildur Rudolfsdóttir

Verkefnisstjóri: Hildur Rudolfsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins var að útbúa tuttugu kennslumyndbönd (2-5 mínútur að lengd) fyrir upplýsingatækniverkfæri sem gætu nýst í sjálfstæðu námi nemenda og kennara.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis:

Kennsluráðgjafi vann þarfagreiningu í maí 2016 þar sem kennarar voru beðnir um að nefna þau upplýsingatækniverkfæri sem helst væri þörf á kennslumyndböndum. Besta svörunin var frá stærðfræðideildinni sem óskaði eftir vendikennslumyndböndum á Excel forritið. Aðrir deildir óskuðu helst eftir myndböndum sem færu yfir skil og vinnu nemenda í Google Classroom.

Tíu myndbönd voru unnin fyrir haustið 2016 þar sem áherslan var á myndbönd sem nýttust 8. bekk í upplýsingatækni, meðal annars í Google Classroom, Google Forms og Adobe Spark kerfinu. Þau myndbönd voru einnig kynnt fyrir kennurum sem höfðu áhuga á þeim verkfærum sem verið var að vinna með. Í janúar voru búin til tíu myndbönd fyrir Excel forritið sem nýttust í 8. og 9. bekk í stærðfræði.

Öll myndböndin eru aðgengileg á upplýsingatæknivefsíðu Garðaskóla, www.upplysingataekni.com og hýst á YouTube rás kennsluráðgjafa.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun: PRO aðgangur að Weebly heimasíðuforritinu reyndist dýrari en tekið var fram í upphaflegri áætlun (\$98 en var í raun \$144). Búið er að greiða fyrir áskrift.

Mat og kynning á verkefninu: Í gegnum PRO aðgang að Weebly heimasíðuforritinu er hægt að sjá notendaupplýsingar allt að ár aftur í tímann. Frá október 2016 til 1. apríl 2017 heimsóttu 2.635 mismunandi notendur upplýsingatæknisíðu Garðaskóla.

Kennarar, t.d. í stærðfræði virtust kunna að meta vendikennslumyndböndin um Excel og vitað er til þess að nemendur í 8. bekk hafi nýtt þau fyrir Excel próf. Mikil nýting hefur verið í upplýsingatæknitímum þar sem lagt er upp á sjálfsnám og að nemendur prófi sig áfram eftir innlög.

Upplýsingatæknisíða Garðaskóla hefur verið kynnt fyrir kennurum í Garðaskóla og Garðabæ, sem og kennurum annarra sveitafélaga, m.a. í gegnum mismunandi starfsþróunarárópa á Facebook.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks: 496.704 kr.

Laun	480.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	0
Gögn (PRO aðgangur að Weebly)	16.704 (\$144, miðað við gengi Seðlabanka Íslands 2.09.2016)

Hildur Rudolfsdóttir, Garðabær 3. apríl 2017